

Nd.

## 148. Frumvarp til laga

[113. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Kristján Thorlacius, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason,  
Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson.

### 1. gr.

Fyrri málsgr. C-liðs 7. gr. laganna orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar  $\frac{1}{4}$ % af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir.

### 2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánsamningum húsbýggjenda til samræmis við þær breytingar, er um ræðir í lögum þessum, að því er tekur til afnáms vísitölubindingar lánanna.

### 3. gr.

Ríkisstjórnin skal með útvegum lánsfjár hjá Seðlabankanum bæta Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljófast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánsamningum samkv. lögum þessum.

### 4. gr.

Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í eitt ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

### 5. gr.

Með gildistöku laga þessara er úr gildi fallin 4. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 21/1968, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði eftirgreindar breytingar á lánskjörum húsnæðislána.

1. Lán verði afborgunarlaus fyrstu 3 árin í stað 1 árs, eins og nú er.
2. Lánstími verði lengdur úr 26 árum í 35 ár.
3. Vísitölubinding lánanna verði afnumin.
4. Heimilt verði að veita lántakanda tímabundinn gjaldfrest, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Byggingarkostnaður hefur enn hækkað stórkostlega, samfara því sem samdráttur hefur orðið á vinnumarkaðinum og tekjur manna rýrnað. Verður því sífellt erfiðara að standa undir þeim föstu lánum, sem veitt eru til íbúðabygginga, ekki sízt vegna þess, að flestir hafa orðið að safna miklum lausaskuldum auk föstu lánanna til þess að koma sér upp íbúð og húsbúnaði.

Frumvarp þetta er fram borið í þeim tilgangi að létta mönnum erfiðleika við að eignast íbúð með því að gera lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin og lengja láns-

timann, og er hér gert ráð fyrir sama árafjölda og um lán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þá þykir flm. rétt, að veðeild Landsbankans sé veitt heimilt til að veita þeim tímabundinn gjaldfrest, er komast í greiðsluþrot vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Og loks er lagt til, að vísitölubinding lánanna verði afnumin, en hún er enn í gildi, þrátt fyrir skerðingu verðtryggingar launanna. Þessi vísitölubinding lánanna, sem lögfest var í samræmi við svonefnt júnisamkomulag milli verkalyðsfélaganna og ríkisstjórnarinnar 1964, byggðist á því, að alvarleg tilraun yrði gerð til að hefta verðbólguna og umfram allt að launin yrðu að fullu verðtryggð.

Vísitöluákvæðið, að því er lánin varðar, var strax mjög umdeilt, og þótti flestum fráleitt að taka húsnæðislán út úr og vísitölubinda þau, þegar önnur lán voru áfram höfð án vísitölubindingar. Miðað við þróun þessara mála síðan 1964 er sjálf-sagt af afnema vísitölubindinguna, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin bæti Húsnæðismálastjórn ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánsamningum samkv. frv., ef að lögum verður, með útvegum lánsfjár hjá Seðla-bankanum.